

## Tímalína:

### 9. mars

Með tölvupósti 9. mars (kl. 12:37) sl. barst beiðni um fund með forsætisráðherra án þess að fundarefni væri tilgreint.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að sendandi hafi 11. mars hringt í forsætisráðuneytið og fengið þau svör að trúnaði sé haldið um erindi sem til þess berast. Af því tilefni var kannað innan ráðuneytisins hvort einhver starfsmaður þess hefði móttengið umrætt símtal. Þar sem svo reyndist ekki vera óskaði forsætisráðuneytið eftir upplýsingum frá Umbru – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins, sem annast símsvörun fyrir Stjórnarráðið, um hvort umrætt símtal hafi borist þangað. Samkvæmt upplýsingum frá Umbru barst þangað símtal frá sendanda 11. mars (kl. 12:06) þar sem óskað var eftir samtali við forsætisráðherra. Símtalið var ekki áframsent á starfsmenn forsætisráðuneytis en samkvæmt venju var innhringjanda leiðbeint um að hafa samband við ráðuneytið með tölvupósti á netfangið [for@for.is](mailto:for@for.is) til að bera upp erindið og óska eftir viðtali. Símtalið hafi varað í fjórar mínútur. Ekki hafi verið rædd efnisatriði málsins eða trúnaði heitið. Í því sambandi skal áréttað að stjórnvöldum er ekki heimilt að heita trúnaði um upplýsingar sem þeim berast, enda gildir sú meginregla að upplýsingar og gögn sem stjórnvöldum berast skulu vera aðgengileg nema þær takmarkanir á upplýsingarétti sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum eða sérlögum eigi við.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að innhringjanda var ekki gefið samband við starfsmann forsætisráðuneytisins.

### 11. mars

Með tölvupósti 11. mars (kl. 12:13) var fyrri beiðni um fund með forsætisráðherra ítrekuð og tekið fram að efni fundarins varðaði barna- og menntamálaráðherra. Ef forsætisráðherra vildi væri í góðu lagi að barna- og menntamálaráðherra sæti þann fund einnig.

Erindið var tekið fyrir sama dag á reglulegum fundi forsætisráðherra (um kl. 13:00) með aðstoðarmönnum og ritara ráðherra þar sem fjallað er um ýmis innsend erindi og beiðnir sem ráðherra berast. Á þeim fundi var ákveðið að kanna hvort mennta- og barnamálaráðherra þekkti til sendanda eða mögulegs fundarefnis áður en afstaða yrði tekin til fundarbeiðinnar.

Strax í kjölfarið sendi aðstoðarmaður forsætisráðherra aðstoðarmanni mennta- og barnamálaráðherra textaskilaboð. Í þeim spurðist aðstoðarmaðurinn fyrir um hvort ráðherra þekkti til sendanda eða mögulegs fundarefnis. Með skilaboðunum fylgdi skjáskot af fundarbeiðninni 11. mars þar sem sendandi gaf upp nafn, símanúmer og heimilisfang. Síðar sama dag hittust aðstoðarmenn forsætisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra á Alþingi þar sem ráðherrar svöruðu óundirbúnum fyrirspurnum (kl. 13:30). Þar greindi aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra aðstoðarmanni forsætisráðherra frá því munnlega að mennta- og barnamálaráðherra þekkti ekki til sendanda og vissi ekki um hvað mögulegt fundarefni snerist. Mennta- og barnamálaráðherra kom á eftir aðstoðarmanni sínum og staðfesti þetta einnig við aðstoðarmann forsætisráðherra. Frekari samskipti milli forsætisráðuneytis og mennta-

og barnamálaráðuneytis áttu sér ekki stað um fundarbeiðnina eða málið að öðru leyti fyrr en 20. mars.

### **12. mars**

Með tölvupósti 12. mars (kl. 14:12) var þess óskað að sendandi gerði nánari grein fyrir tilefni fundarbeiðninnar.

### **13. mars**

Með tölvupóstum 13. mars (kl. 00:16 og 11:19) bárust nánari upplýsingar um fundarefnið frá sendanda. Þar komu fram upplýsingar um málefni Ásthildar Lóu Þórsdóttur, mennta- og barnamálaráðherra. Fram kom krafa um að hún stigi til hliðar sem ráðherra. Erindið var tekið fyrir á reglulegum fundi forsætisráðherra sama dag kl. 10:50 með aðstoðarmönnum og ritara ráðherra þar sem fjallað er um ýmis innsend erindi og beiðnir sem ráðherra berast. Á þeim fundi var ákveðið að verða ekki við beiðni um fund.

### **14. mars**

Með tölvupósti 14. mars (kl. 10:36) var sendanda tilkynnt framangreind ákvörðun um að ekki yrði orðið við beiðni um fund eða símtal með ráðherra vegna málsins. Sama dag var fundarbeiðnin ítrekuð (kl. 10:56) og svarað aftur með sama hætti (kl. 11:39). Að öðru leyti lá ekki fyrir endanlega afgreiðsla ráðuneytisins á erindinu og var málinu ekki lokað í málaskrá þess.

### **17. mars**

Með tölvupósti 17. mars (kl. 14:52) óskaði sendandi eftir afstöðu forsætisráðherra til þess hvort mennta- og barnamálaráðherra gæti setið í ríkisstjórn í ljósi upplýsinga sem sendandi hafði komið á framfæri með tölvupósti 13. mars. Því erindi hefur ekki verið svarað með formlegum hætti. Málið er sem fyrr segir enn í vinnslu og opið í málaskrá hjá ráðuneytinu.

### **20. mars**

Í símtali 20. mars (kl. 10:55) óskaði fréttamaður RÚV eftir upplýsingum frá aðstoðarmanni forsætisráðherra um það hvort erindi sendanda hefði borist ráðuneytinu. Símtalið varði í 1 mínútu. Í skilaboðum sem aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra sendi aðstoðarmanni forsætisráðherra sama dag (kl. 13:52) var óskað eftir fundi mennta- og barnamálaráðherra með forsætisráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra um málið. Það var gert vegna fyrirspurna RÚV til mennta- og barnamálaráðherra. Forsætisráðherra var upplýstur um þetta (kl. 14:02). Þá var efnt til fundar forsætisráðherra, utanríkisráðherra, félags- og húsnæðismálaráðherra og mennta- og barnamálaráðherra sem lauk á sjötta tímanum.